Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	3. fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Google meet
Hvenær:	11. 8. 2026 klukkan 17:30
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Gjaldkeri Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Sigurður Jónas Eggertsson – Meðstjórnandi Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ Katrín Fjóla Bragadóttir - Varamaður Helga Hákonardóttir - Meðstjórnandi
Fundarritari:	Ársæll Rafn Erlingsson
Fjarverandi	Böðvar Már Böðvarsson

Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð samþykkt

Breytingar á reglugerðum

- A) Reglugerð um íslandsmót para
  B) Reglugerð um íslandsmót í tvímenningi
  C) Reglugerð um íslandsmót öldunga
  D) Reglur um bikarkeppni liða
  E) 78D hörku regla

Vala sendi á stjórn reglugerðabreytingar.
Reglugerðarbreytingar um Íslandsmót samþykktar af stjórn og fer Vala í að hreinskrifa og gera fínt.
Reglugerðarbreytingar um bikarkeppni liða varðandi að hægt sé að spila á Akranesi og Egilshöll – sú reglugerð samþykkt.
Reglugerð um 78D hörku reglu samþykkt.

Deildarkeppni tímabilið 2026-2027

A) Erindi frá KFR-Grænu töffurunum tekið fyrir. 4ða deild verður stofnuð í kjölfarið með 5 lið samkvæmt reglugerðum ef Grænu töffararnir skrá liðið.
B) Rætt hvaða lið fer upp í 1. deild úr 2. eftir auka umspilið frá í vor. Tekin ákvörðun um að ÍR-Öðlingar fari upp.
C) Erindi frá Guðmundi Sigurðssyni varðandi tillögu að nýju keppnisfyrirkomulagi í 3ju deild miðað við að 14 lið væru að taka þátt í þeirri deild. Miðað við að það stefnir í 4ðu deild eins og er að þá eru breytingar ekki ákjósanlegar eins og er. Einnig þyrfti að kynna þetta betur mögulega á þingi og fyrir forsvarsmönnum félaga.
D) Jói fer yfir innleiðingu „Vasans“ sem er rafræn leikskýrsla sem fyrirliðar senda inn eftir leiki beint inn á heimasíðu KLÍ. Ætti ekki að vera neitt til fyrirstöðu að byrja um áramót að nota þetta ef allt virkar vel – þá verða skráningar pappírslausar, sem við fögnum öll.

Erindi frá ÍR varðandi breytingar á reglum um vensl

- 1. Það ætti ekki að vera hægt að nota vensl í síðustu tveimur umferðum í deildarkeppni.
- 2. Einnig ætti ekki að leyfa vensl í umspili og úrslitakeppni

- 3. Það þyrfti að takmarka hve margar konur geti leikið vensl með karlaliði í einum leik, það er ekkert sem mælir gegn því að 3 konur geti spilað saman í einum leik. Þyrfti að takmarka við eina konu í leik.
- Tillögur teknar fyrir og ræddar. Tillaga 2 samþykkt af stjórn. Tillaga um vensl kvenna og tvær síðustu umferðir deildarkeppni felld og vísað til þings.

Erindi frá BS vegna kaupa á myndavél

- Kom upp spurning frá Bödda varðandi að kaupa myndavél sem nýtist þá til að taka myndir af keppendum í efstu deildum.
- Erindi rætt.
- Höfum verið að nota myndir af afrekskeilurum sem eru gamlar. Vala fer í að athuga með samning sem hún sendir til stjórnar.

Afreksmál

- Þórarinn fer yfir hvernig undirbúningur gengur.
- Farið yfir mót næsta árs og fjárhagsáætlun.

Öldungamál

- A) öldunganefnd
  1. Farið yfir erindisbréf – Vala sendir á öldunganefnd erindisbréfið.
  2. Skipan – tilnefnd af félugum voru Jónína Björg úr ÍA, Anna Soffía frá KFR og Valdimar Guðmundsson og Halldóra Björk úr ÍR.

  B) Greiðslur til þjálfara öldungalandsliða – málefni rætt. Flókið málefni þar sem við erum ekki að fá beina styrki fyrir þennan hóp inn í Keilusambandið. Ef við styrkjum þennan hóp erum við þá að klípa fjármagn af öðrum hópum? Tekið áfram með nýskipaðri öldunganefnd og okkar afstaða skýrð þar.

Utandeildin

a) Auglýsingar – Fara í að auglýsa betur utandeild og keyra á það á næstu vikum.

b) Umsjón – Mögulega bjóða öldungum umsjón með utandeildinni.

Rig

- Staðan og næstu skref – Allt í vinnslu þar og ekkert sem stjórn þarf að fara í.

Starfsáætlun - uppfærsla

a) Áherslumál og styrkir. Styrkir frá Rannís og RVK borg – umsóknarfrestur til 1. okt. Vala biður um hugmyndir en mun líka senda á stjórn pælingar.

b) Endurskoðun verkferla um agamál (EKKO viðbragðsáætlun og fleira).
Samskiptaráðgjafi er ekki búinn að gefa komment á EKKO áætlunina. Mikilvægt að senda á foreldra, forráðamenn og þjálfara viðbragðsáætlun fyrir næstu ferð með ungmennum.

Stefnumörkun (eftirfylgni eftir ársþing)

- Staðan rædd. Vala er með tilboð í gangi sem hún ætlar að kynna fyrir okkur á septemberfundi.

Önnur mál

- Jói fer örsnöggt yfir nýtt kerfi fyrir mótaumsjón. Allir spenntir fyrir því.
- Engin önnur mál nema að allir eru orðnir svangir.

Fundi slitið kl. 20:00